

Reykjavík, 8. apríl 2021

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um félög til almannaheilla, 603. mál á 151. löggjafarþingi.

UMFÍ telur að með frumvarpinu um lög félaga til almannaheilla, þar með talið íþrótt- og ungmennafélagshreyfinguna sé stigið mikilvægt skref í þá átt að setja umgjörð um stjórnun félaga til almannaheilla.

Í fyrri umsögnum gerði UMFÍ athugasemdir við það að við slit félags skuli eignir sem ekki hafa verið nýttar á þann hátt sem samþykktir kveði á um renna til landssamtaka sem félagið er aðili að eða til þess sveitarfélags sem félagið hefur skráð lögheimili í við slitin í stað þess að eignir renni til ríkisins.

UMFÍ fagnar því að tekið hefur verið tillit til þessarar athugasemdar enda getur eignauppgjör og tilfærsla eigna félaga eins og þeirra sem aðild eiga að UMFÍ verið flókin í framkvæmd og mörgum hjartfólgið. Með núverandi breytingu verður mögulegt að úthluta eignum bús í aðra sambærilega starfsemi á svæði viðkomandi félags.


Þá kemur fram í greinargerð við frumvarpið nú að í tilefni af athugasemdum við fyrra frumvarp sé lagt til að félögum verði ekki gert skylt að hafa orðin *félag til almannaheilla* eða skammstöfunina fta. í heiti sínu. Þó sé þeim félögum sem falla undir gildissvið frumvarpsins það einum heimilt. Þetta er jafnframt jákvæð breyting.

Að öðru leyti hvetur UMFÍ til þess að frumvarpið verði samþykkt í þeirri mynd sem það er nú.

Vinum saman

Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,
framkvæmdastjóri UMFÍ